

19. janúar 2026 - Fundur hjá foreldraráði. Fundur settur 17:05

Mætt: Gunnhildur Jónsdóttir, Gylfi Guðmundsson, Jóhann Albert Harðarsson, Lilja Helgadóttir og Þórunn Þórarinsdóttir félagsmála-og forvarnarfulltrúi

Gunnhildur Stefánsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir hafa hætt störfum og þeim þakkað fyrir sín góðu störf.

Fundardagskrá:

- Farið yfir stöðu reikninga
- **Styrkir:** Ósk um styrk fyrir reiknivélum í námsverið, samþykkt að styrkja, Einnig samþykkt að styrkja leikfélagið.
- Skoða stöðuna á matarkortum, Þórunn ræðir við Helgu rektor.
- Rætt um fræðslufyrirlestur í samstarfi við Kvennó – Lilja fær tengiliðaupplýsingar frá Gylfa við þau og fara í áframhaldandi vinnu varðandi það hvað það eigi að fræða, rætt var um gerivigreindarfyrirlestur. Kom upp ein hugmynd að hafa fyrirlestur varðandi ferilskrá, þjálfar ungmenni að gera kynningartexta og sækja um styrki (skoða samstarf við Hitt húsið). Lilja mun vera í sambandi við foreldraráð Kvennó og finna dagsetningar fyrir fræðslukvöldið.
- Þarf að auglýsa eftir fleiri fulltrúum í foreldraráðið. Þórunn mun senda póst á foreldra og forsjáraðila.
- Lilja tekur við sem formaður ráðsins og ráðið þakkar Gylfa fyrir sín flottu störf.
- Skipta þarf um fulltrúa sem sér um facebooksíðu foreldraráðs.
- Farið yfir starfsreglur foreldraráðs inn á [Foreldraráð - starfsreglur | Menntaskólinn við Hamrahlíð](#)

Stefnt að halda næsta fund 9. febrúar kl 17:00 á kaffistofunni í MH.

Fundi slitið kl 18:00